

Desember

DIMMUBORGIR

Fréttabréf

Opið hús í Dimmuborgum

Fyrir 8.-10. bekk

Mánudaga kl. 20:00 - 22:00

Miðvikudagur 13. des kl. 20:00-22:00
ætlum við að bjóða 8. og 9. bekk upp
á góða jólamynd og piparkökur í
Dimmuborgum.

Söngkeppni Félak

Fimmtudaginn 7. desember verður Söng-
keppni Félak haldin í Naustaskóla.

Keppnin er undankeppni fyrir NorðurOrg
og komast 5 bestu atriðin áfram. Húsið
opnar klukkan 19:30 og er enn hægt að
skrá sig til keppni hjá starfsmönnum

Jóla kvöld Sæmundar

Fimmtudaginn 14. desember verður
sameiginlegur jóla-viðburður Félak.
Boðið verður upp á kakó og jóla-
tónlist. Venjan er að unglingar klæði
sig upp eða mæti í náttfötum. Lokað
verður í öðrum félagsmiðstöðvum
þetta kvöldið. Jóla kvöldið fer fram í
Himnaríki í Glerárskóla.


Jólafrí og opnanir

Síðasta opnun fyrir jól verður 18. desem-
ber. Við mætum síðan fersk eftir jólafrí 8.
janúar.



Dimmuborgir

Nóvember var skemmtilegur mánuður í
Dimmuborgum, ýmislegt skemmtilegt var gert en
það var tvennt sem stóð uppúr annarsvegar var
það stórkostleg kökukeppni þar sem krakkarnir
komu með glæsilegar og bragðgóðar kökur og
hinsvegar var það þegar farið var í karaoke þar
sem söngvarar framtíðarinnar fengu að spreyta
sig. Við stefnum að því að halda áfram að gera
eitthvað skemmtilegt í desember þar sem
söngkeppnin mun líklega standa uppúr.



Miðstigsklúbbar eru í hverjum skóla og nánari
upplýsingar fást hjá olafiag@akureyri.is og
arnarh@akureyri.is

Norðurlandsmót

10. nóvember síðastliðinn tóku um 60 ung-
menni úr 8. bekkjum Akureyrar, Húsavíkur og
Dalvíkur þátt í Norðurlandsmóti. Viðburðurinn
gekk mjög vel fyrir sig og erum við glöð að
hafa kynnst öllum þessum frábæru krökkum.



Hvetjum unglingana okkar til að mæta!

Kveðjur frá Dimmuborgum Arnar og Sólveig

arnarb@akureyri.is solveig@fsha.is